



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ Stærðfræði – 2. bekkur

Unnið er markvisst með grunnhugtök, talnaskilning, rökhugsun, rúmfræði og mælingar. Leitast er við að tengja viðfangsefnin nemendum sjálfum, umhverfi þeirra og daglegu lífi. Áhersla er lögð á hlutbundna vinnu og að virkja nemendur á fjölbreyttan hátt, s.s. í gegnum ýmiskonar leiki, þrautir og spil. Unnið er með námsefnið Sproti 2a og 2b, bæði nemendabók og æfingahefti, Evolytes: Vinir í vanda og Stærðfræðispæjarar 2. Ekki er gert ráð fyrir heimanámi í stærðfræði í 2. bekk en foreldrar eru hvattir til að sýna námi barnanna áhuga og grípa þau tækifæri sem gefast í daglegu lífi til að styðja við það.

Matsviðmið

Tölur og reikningur

Lesið, skrifað og borið saman tölur upp í 100.

Talið upp að 100, með því að telja hverja tölu, aðra hverja, fimmtu hverja og tíundu hverja.

Þekkt sléttar tölur og oddatölur.

Unnið með einingar, tugi og hundruð.

Lagt saman og dregið frá með tölum upp í 100.

Rúmfræði og mælingar

Flokkað og greint algeng tvívíð og þrívíð form í umhverfi sínu.

Sagt til um heilan og hálfan tíma á klukku.

Teiknað spegilása, spegilmyndir og samhverfar myndir.

Borið saman lengdir og flatarmál með ágiskunum og mælingum.

Notað hugtök sem varða tíma, s.s. heiti vikudaga og mánaða.

Algebra

Lýst og haldið áfram með talnamynstur sem endurtekur sig.

Tölfræði og líkindi

Safnað gögnum, flokkað þau og talið.

Sett upplýsingar fram í töflu og sýnt niðurstöður í einföldum súluritum.

Lesið úr einföldum súlu- og línuritum.

Virgni og samskipti

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

Námsmat

Kennarar meta hæfniviðmið þrisvar sinnum á skólaárinu; fyrir foreldraviðtöl í október og febrúar og í lok skólaárs. Matið er birt á Mentor. Athugið að ekki eru öll hæfniviðmið metin hverju sinni heldur velja kennarar þau viðmið sem áhersla er lögð á og unnið hefur verið með. Til grundvallar námsmati liggja fjölbreytt verkefni, ástundun, kannanir, kaflapróf og próf.

Yfirfarið í október 2024